



Unnur Dagbjört Olafsdóttir

MS-ritgerð: Notkun astmalyfja meðal barna á Íslandi árin 2002-2013 og hugsanleg tengsl við breytur í fæðingaskrá

Höfundur: Unnur Dagbjört Olafsdóttir fæddist í Reykjavík þann 29. mars 1996. Hún lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut frá Kvennaskólanum í Reykjavík árið 2015. Foreldrar hennar eru Álfheiður Jóna Guðbjartsdóttir og Olaf Sveinsson. Unnur hefur unnið hjá Lyfju samhliða námi síðan sumar 2018 og mun halda áfram hjá Lyfju eftir útskrift.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Astmi er algengur langvinnur sjúkdómur og síðustu áratugi hefur algengi sjúkdómsins verið að aukast. Markmið verkefnisins var að kanna hvort þættir úr fæðingaskrá hafi áhrif á að barn sé líklegra til að fá síðar astmalyf. Skoðaðir voru þættir úr fæðingaskrá fyrir börn á Íslandi sem fæddust árin 2002 til 2013.

Það að barn fæðist karlkyns eða fyrirburi jók mest líkurnar á að barn fengi astmalyf. Einnig hafði valkeisaraskurður, framköllun fæðingar og ungur aldur móður við fæðingu barns áhrif á að barn var líklegra til á fá síðar astmalyf. Skýringarhlutfall úr greiningunni var lágt sem segir að fylgni milli breytanna er veik og að breytur hafi lágt forspárgildi um hvort barn fái síðar astmalyf.